

## Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Pingeyinga hf. 2011

Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Pingeyinga hf. fyrir 2010, haldinn í Félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn fimmtudaginn 19. maí 2011 kl. 13:00.

Mættir voru fulltrúar frá 9 hluthöfum af 19, með 72,1% hluta á bak við sig: Norðurþing, Fræ ehf., Skútustaðahreppur, Framsýn – stéttarfélag, Byggðastofnun, Verkalýðsfélag Þórshafnar, Þingið og Starfsmannafélag Húsavíkur. Auk þeirra starfsfólk AP og gestir.

Stjórnarformaður félagsins, Sigurgeir Höskuldsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Fyrir fundinum lá tillaga um fundarstjóra, Gunnólf Lárusson og fundarritara, Ara Pál Pálsson. Aðrar tillögur komu ekki fram og voru þeir því sjálfkjörnir til starfa.

### 1. Skýrsla stjórnar

Stjórnarformaður, Sigurgeir Höskuldsson fór yfir skýrslu stjórnar sem lögð var fram á fundinum. Starfsárið var viðburðaríkt hvað varðar innri mál félagsins. Í aðdraganda hlutafjárukningar sem samþykkt var á síðasta aðalfundi var ráðist í stefnumótun fyrir félagið með þátttöku eigenda og annarra hagsmunaaðila á starfssvæðinu. Mikill einhugur var um nauðsyn á tilvist félagsins og eins hver helstu verkefni þess skyldu vera.

Rekstur félagsins var í jánnum á starfsárinu. Tekjur drógust saman um 30%, bæði vegna skerðingar grunnframlaga frá ríkinu sem greidd eru í gegnum Byggðastofnun og eins vegna minni verkefnatekna. Þessu var mætt með fækkun starfsmanna, launalækkunum og skerðingu starfshlutfalls auk almenns aðhalds. Þá dró einnig úr verkefnakostnaði vegna samdráttar.

Í byrjun líðandi árs var hlutafé aukið um 10 milljónir til að rétta af efnahagsreikning félagsins. Flestir eldri hluthafar tóku þátt í hlutafjárukningunni en Byggðastofnun sá sér þó ekki fært að taka þátt og er því ekki lengur stór hluthafi. Þrátt fyrir bætta stöðu er efnahagurinn enn veikur og nauðsynlegt að gæta aðhalds í rekstri og leita leiða til að styrkja grunnfjármögnun félagsins.

Næst vék formaðurinn að endurskipulagningu stoðkerfisins sem verið hefur til umræðu þar eð það þykir of flókið og töluverð skörun innan þess. Vilji er til þess að svæðisbundin starfsemi verði á forræði heimamanna með fjárhagslegum og eftir atvikum þekkingarlegum bakstuðningi ríkisvaldsins. Mikilvægt er að heimamenn á hverju svæði, fylgi eftir þessum yfirlýstu áherslum enda virðist gæta ákveðinnar tilhneigingar til þess í miðlægri stjórnsýslu ríkisins að ganga skemmra í þessu en umræðan gefur tilefni til.

Verkefni félagsins voru að vanda fjölbreytt og spanna vítt svið, allt frá einstaklingsverkefnum til þróunarverkefna fyrir svæðið allt.

Árið 2010 var síðasta rekstrarár Vaxtarsamnings Norðausturlands sem tók gildi 2008. Á árinu var samþykkt þátttaka í 24 nýjum verkefnum og framhald á 3 verkefnum. Nánar má lesa um verkefnið í ársskýrslu félagsins og einnig í framvinduskýrslum Vaxtarsamningsins sem finna má á vef félagsins: [www.atthing.is](http://www.atthing.is)

Þessu næst gerði formaður grein fyrir stefnumótunarvinnu félagsins sem áður er getið. Að henni kom breiður hópur úr baklandi félagsins, fulltrúar eigenda, viðskiptavina og annarra aðila úr atvinnulífinu á svæðinu, ásamt stjórn og starfsmönnum félagsins. Guðlaug Gísladóttir hjá Þekkingarneti Pingeyinga leiddi vinnuferlið og er nánar greint frá því í ársskýrslu.

Stefnukort í fimm þrepum hefur verið útbúið fyrir félagið, en það er eins konar vegvísir að settum markmiðum. Þar koma fram tilgangur og hlutverk félagsins auk framtíðarsýnar. Markmið bæði eigenda og notenda eru þar skilgreind og þau gildi sem unnið er samkvæmt. Auðlindir eða bjargir félagsins eru skilgreindar en í máli formanns kom fram að í þeirri vinnu sem framundan er við að tryggja okkur þessar bjargir er ljóst að líta þarf í allar áttir. Fjármagn er af skornum skammti hjá eigendum félagsins og opinber framlög hafa dregist saman.

Samstarf við önnur félög eða stofnanir geta stuðlað að betri nýtingu þess mannauðs sem á svæðinu er. Innan héraðs hefur verið gott samstarf milli stofnana stoðkerfisins og hafa fulltrúar Atvinnuþróunarfélagsins, Impru og Þekkingarnets Þingeyinga átt nokkra fundi þar sem samstarf og samnýting starfskrafta og þekkingar hafa verið til umræðu.

Stefnumótun lýkur ekki með gerð eins stefnumótunarskjals og því mun Guðlaug áfram verða félaginu til aðstoðar við frekari greiningu og framkvæmd stefnumótunnar.

Næst vék formaður að starfsmannahaldi félagsins en þar urðu nokkrar breytingar á sl. ári. Hermann Larsen, sem um árábil hefur séð um bókhald félagsins hætti störfum á vormánuðum 2010. Vilborg Arna Gissurardóttir, sem sinnti markaðs- og kynningarmálum á grundvelli samstarfssamnings við MarkÞing ásamt stefnumótunarvinnu í ferðamálum, lauk störfum hjá félaginu í apríl. Sif Jóhannesdóttir, sem hafði umsjón með GEBRIS verkefninu, lauk störfum hjá félaginu í árslok þegar því verkefni lauk. Hún hefur þó áfram sinnt verkefnum á vegum Urðarbrunnsv. sérstökum samstarfssamningi.

Í dag eru starfsmenn félagsins fjórir í 3,5 stöðugildum. Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri, Ari Páll Pálsson verkefnastjóri, Jóna Matthíasdóttir verkefnastjóri sem einnig sinnir bókhaldi og Tryggvi Finnsson atvinnuráðgjafi í 50% starfi.

Starfsmönnum sem hætt hafa hjá félaginu þakkaði formaður góð störf í þágu félagsins og ekki síður þeim starfsmönnum sem enn standa vaktina og munu takast á við krefjandi breytingar í því umhverfi sem okkur er búið sem og á starfseminni sjálfri.

Lokaorð formannsins voru þessi:

„Við stöndum á tímamótum núna. Efnahagurinn hefur verið reistur við og markmiðin eru skýr eftir stefnumótunarvinnu félagsins. Það er hlutverk næstu stjórnar og starfsmanna félagsins að horfa fram á veginn og nýta afrakstur stefnumótunarvinnunnar sem leiðarvísi að þeim markmiðum sem við höfum sett okkur. Nýtum okkur þann samstöðumátt og drifkraft sem við Þingeyingar búum yfir. Með samstöðu og áráðni eru okkur allir vegir færir“.

## 2. Reikningar félagsins fyrir árið 2010

Ársreikningur AP 2010 var lagður fyrir fulltrúa hluthafa á fundinum, áritaður af stjórn og löggiltum endurskoðanda félagsins, PricewaterhouseCoopers hf. - Birni St. Haraldssyni án athugasemda.

Framkvæmdastjóri, Reinhard Reynisson fór yfir reikningana og gerði grein fyrir einstökum liðum og helstu niðurstöðum.

Helstu niðurstöður ársreiknings:

Rekstrartekjur .....	46.283.736
Rekstrargjöld .....	(47.122.855)
Fjármagnsliðir .....	702.108
Tap ársins .....	(137.011)
Fastafjármunir .....	3.795.882
Veltufjármunir .....	41.168.359
Eigið fé .....	(9.190.386)
Skuldir og skuldbindingar .....	54.154.627
Niðurstaða efnahagsreiknings .....	44.964.241

Framkvæmdastjóri fór einnig yfir skýringar og kom þar m.a. fram að eignarhlutur í öðrum félögum sem skráður er í efnahagsreikning fylgir yfirtöku Kísilgúrsjóðs og fylgja honum skuldbindingar.

Eins og fram hefur komið var eigið fé félagsins aukið um 10 mkr. í ársbyrjun 2011. Handbært fé er einkum fé Vaxtarsamnings sem ekki hafði verið ráðstafað í lok árs þar sem síðasta úthlutun fór fram í byrjun árs 2011.

Að yfirferð lokinni var orðið gefið laust. Fram kom fyrirspurn um viðhorfskönnun um framtíð AP og um hvernig félagið næði að aðlagast lægri tekjum.

Framkvæmdastjóri taldi viðhorfskönnun til AP sem gerð var í tengslum við stefnumótun sýna glögg að félagið ætti áfram að sinna grasrótinni. Kom jafnvel fram meiri eindrægni í þeim viðhorfum en vænta mátti miðað við hve starfsemi félagsins er á stundum ógagnsæ og einnig vakti athygli að enginn svæðisbundinn munur virtist á viðhorfum til félagsins.

Til aðlögunar lægri tekjum var á síðasta ári gripið til þess að semja við stafsmenn um skert vinnuhlutfall og launalækkunarir. Reksturinn verður í járnum ef áætlanir um verkefnatekjur ganga eftir, en fari svo ekki þarf að bregðast við því.

*Engar frekari spurningar komu fram og var ársreikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða.*

### **3. Kosning stjórnar og endurskoðanda.**

Fundarstjóri kynnti fyrirleggjandi tillögur að stjórn frá fulltrúum hluthafa:

Aðalstjórn:

Aðalsteinn Á. Baldursson  
Björn Víkingur Björnsson  
Margrét Bjarnadóttir  
Pétur Snæbjörnsson  
Sigurgeir Höskuldsson

*Fleiri tillögur komu ekki fram og eru ofanrituð því sjálfkjörin í stjórn.*

Varastjórn:

Gunnólfur Lárusson  
Áki Hauksson

*Fleiri tillögur komu ekki fram og eru ofanritaðir því sjálfkjörnir í varastjórn.*

Fyrir fundinum lá tillaga um að endurskoðandi félagsins verði kjörinn PricewaterhouseCoopers ehf. – Björn St. Haraldsson, löggiltur endurskoðandi.

*Fleiri tillögur komu ekki fram og þessir aðilar því sjálfkjörnir.*

### **4. Ráðstöfun hagnaðar/taps.**

Vísað er til ársreiknings varðandi jöfnun taps ársins sem kemur til lækkunar á eigin fé félagsins.

*Tillagan samþykkt samhljóða.*

### **5. Greiðslur til stjórnarmanna**

Fyrir fundinum lá tillaga um að þóknun til stjórnarmanna sem framkvæmdastóri gerði grein fyrir.

Laun stjórnarmanna verði óbreytt að fjárupphæð á milli ára, þ.e. 9.677,- fyrir hvern fund og formaður fái 50% álag á þá þóknun.

Þóknun til endurskoðanda verður samkvæmt reikningi.

*Fyrirliggjandi tillaga var borin upp og hún samþykkt samhljóða.*

## 6. Önnur mál

- 6.1. Fyrir fundinum lá tillaga frá stjórn félagsins um heimild til hlutafjárukningar sem stjórnarformaður félagsins kynnti. Sagði hann ánægjulegt að menn vildu greiða meira en til stóð í ársbyrjun sem sýndi góðan hug til félagsins. Hlutafjárukning í ársbyrjun snéri aðeins að núverandi hluthöfum en nú vilja fleiri koma að félaginu sem er jákvætt og sýnir að félagið er samfélagseign. Tillagan er svohljóðandi:

*„Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutafé félagsins um allt að kr. 2.000.000,- með sölu á nýjum hlutum til nýrra og núverandi hluthafa á genginu 1. Jafnframt falla núverandi hluthafar frá forkaupsrétti sínum við hlutafjárukningu þessa. Heimild þessi gildir til 30. apríl 2012 og fellur þá niður að því marki sem hún hefur þá ekki verið nýtt. Ákvæði samþykpta félagsins gilda að öðru leiti um meðferð þessara nýju hluta, þ.m.t. ákvæði um forkaupsrétt.“*

Engar athugasemdir eða umræður urðu um tillöguna og bar fundarstjóri hana upp til atkvæðagreiðslu.

*Tillagan var samþykkt samhljóða.*

Fundarstjóri fagnaði því að almenn ánægja virtist vera með starfsemi félagsins. Það væri á réttari leið og óskandi að það héldi áfram á sömu braut. Hann þakkaði fyrir gott starf og góðan aðalfund og sleit að því búnu fundi kl. 13:55

Að loknu kaffihléi var haldið áfram með dagskrá í tengslum við aðalfund.

### Hvatningarverðlaun AÐ 2011

Sigurgeir Höskuldsson lýsti ákvörðun stjórnar AÐ um hvatningarverðlaun 2011 og voru þau að þessu sinni veitt Ísfélagi Vestmannaeyja.

### Málþing

**Sterkir stofnar og nýjar greinar** – sjávarútvegur, sauðfjárrækt og ferðaþjónusta við ysta haf

- Siggeir Stefánsson hjá Ísfélagi Vestmannaeyja hf. Fjallaði um uppbyggingu á svæðinu á vegum félagsins og sýn þess til framtíðar.
- Ólafur Þ. Ólafsson gerði grein fyrir vöru- og markaðsþróunarverkefni sem Jökull ehf. á Raufarhöfn stendur að, m.a. í samstarfi við Ísfélag Vestmannaeyja, og snýst um að auka verðmæti í hrognavinnslu, bæði loðnuhrogna og þorskhrogna.
- Gréta Bergrún Jóhannesdóttir frá Þekkingarneti Þingeyinga gerði grein fyrir rannsókn á nýliðun í bændastétt í Þistilfirði, en áberandi er að kynslóðaskipti á þessu sauðfjárræktarsvæði virðast ganga betur en víða annars staðar.
- Sif Jóhannesdóttir sagði frá uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu austan Jökulsár sem hófst undir merkjum GEBRIS verkefnisins en framhald á því starfi er nú rekið í klasasamstarfi hagsmunaaðila undir nafninu Norðurhjari.

Fundarstjóri  
Gunnólfur Lárusson

Fundarritari  
Ari Páll Pálsson